



Forsætisnefnd

Reykjavík, 6. maí 2026

MSS23010278

## Endurskoðun á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjórnar hefur unnið tillögu að breytingum á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Um er að ræða venjubundna uppfærslu á fjárhæðum og minniháttar lagfæringar auk eftirtalinna breytinga:

- Bætt hefur verið inn í samþykktina ákvæði þar sem fram kemur að skrifstofa borgarstjórnar tryggir viðeigandi stuðning til borgarfulltrúa vegna aðgengismála s.s. túlkunar á fundum borgarstjórnar.
- Bætt hefur verið orðalag sem skýrir að fjárhæð starfskostnaðar tekur breytingum í samræmi við starfshlutfall.
- Gerð er tillaga að breytingu varðandi biðlaun borgarfulltrúa á þann hátt að borgarfulltrúi sem biðst lausnar á síðustu mánuðum kjörtímabils heldur rétti sínum til biðlauna.
- Gerð er tillaga að því að föst mánaðarleg þóknun falli niður sæki fulltrúi ekki boðaða fundi samfleytt í þrjú skipti, nema að tilkynnt hafi verið um lögmæt forföll s.s. veikindi. Viðkomandi fulltrúi fær þess í stað greidda þóknun fyrir hvern setinn fund fram að næstu áramótum.
- Gerð er tillaga að því að varamenn sem sæti taka í borgarstjórn greidda fulla þóknun pr. fund ef þeir taka sæti á fyrstu fimm tímum borgarstjórnarfundar en að þeim tíma liðnum skerðist þóknun pr. fund um 50%.
- Lagt er til að endurskoðuð samþykkt taki gildi í upphafi næsta kjörtímabils og gildi um kjör og starfsaðstöðu næstu borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*



Reykjavík